

Sp.

656. Nefndarálit

um till. til þál. um sérstakan frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fyrningar fiskiskipa o. fl.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til meðferðar á nokkrum fundum sínum, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu hennar.

Við teljum ekki fært að leggja til, að Alþingi samþykki hana, m. a. vegna þess, að við teljum, að lagabreytingar þurfi með, til þess að hægt væri að leyfa afskriftir þær, sem tillagan fjallar um. Þá er og málið að öllu leyti lítt undirbúið, en hins vegar mjög vandasamt. Sýnilegt er, ef veita ætti slíkan frádrátt frá tekjum, sem tillagan ræðir um, að þá mundu strax rísa kröfur um, að sams konar frádráttur yrði veittur öðrum fyrirtækjum, sem reist hafa verið nú, síðan allt hækkaði. Sjávarútvegurinn einn gæti ekki haft þar sérstöðu.

Athuga þyrfti þá líka, hvort ekki yrðu önnur ákvæði að gilda um gömul skip, sem keypt og seld væru háu verði, en nýsmíðuð skip og hvort samþykkt tillögunnar eða setning svipaðra ákvæða gæti ekki leitt til þess, að óeðlilega hátt verð yrði á þeim eignum, er ættu von á þessum aukna fyrningar- og verðhækkunarfrádrætti. Leggjum við því til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 15. des. 1943.

Steingr. Aðalsteinsson,
fundaskr.

Páll Zóphóniasson,
frsm.

Sigurður Þórðarson.